

Sp.

357. Tillaga til þingsályktunar

[163. mál]

um ríkisábyrgð vegna byggingar heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Náttúrulækningafélag Íslands gegn tryggingum, er hún metur gildar, allt að 500000 kr. lán vegna stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hafa borizt tilmæli frá Náttúrulækningafélagi Íslands um, að ríkið veiti félaginu ábyrgð fyrir allt að hálftrar milljón króna lántöku til stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði, og eru tilmælin studd meðmælum 23 einstaklinga.

Nefndin hefur að nokkru kynnt rekstri og framkvæmdum félagsins í þessu efni og telur starfsemina vera fullkomlega þess verða, að greitt sé fyrir henni með þeim hætti, sem í tillögunni felst.

Til frekari upplýsinga um málið skulu hér tilfærð eftirfarandi atriði, sem framkvæmdastjóri Náttúrulækningafélagsins, Sigurjón Danivalsson, hefur látið nefndinni í té:

„Heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði getur nú tekið á móti 44 sjúklingum. Aðsókn á síðastliðnu ári var svo mikil, að aðeins $\frac{1}{10}$ af þeim, er báðu um pláss, var hægt að sinna, og nú eru á annað hundrað manns á biðlista hjá félaginu, allt sjúklingar.

Félagið hefur, eins og kunnugt er, unnið að byggingu hælisins í áföngum. Búnir eru fyrsti og annar áfangi byggingarinnar. Næsti áfangi á að vera íbúðarálma fyrir 30 sjúklinga, 250 m². Vegna hallalausrar rekstrarafkomu er félaginu mikil nauðsyn að koma þessari álmu upp hið allra fyrsta. Þá er ráðgert að byggja 30 m² sal fyrir tómstundavinnu. Í vetur tók félagið eina fjögurra manna stofu til slíkra hluta, og reyndist það mjög vel. Eftir er að ganga endanlega frá baðdeildinni, innrétta finnska baðstofu, sem komin er undir þak, einnig er eftir að byggja hvíldarsal, þar sem vistmenn geta notið sólar og útilofts, þótt veður sé misjafnt. Er ráðgert, að loft og að minnsta kosti einn veggur sé úr sérstöku gleri, sem hleypir sólarljósinu óhindrað í gegn. Þá á félagið eftir að byggja yfir starfsfólk. Öll þessi verkefni eru mjög aðkallandi, ásamt byggingu gróðurhúsa og lagfæringu á lóð heilsuhælisins.

Eignir félagsins með húsum og áhöldum eru rúmar 4 millj. kr. Áhvilandi skuldir eru 550 þús.: 100 þús. tveggja ára lán, 80 þús. til 10 ára og 370 þús. til 15 ára.

Síðastliðið haust öðlaðist heilsuhælið réttindi til að reka gigtlækningahæli. Frá þeim tíma hafa gigtarsjúklingar fengið greitt frá samlögum 80 kr. á dag í 35 daga, en heildarkostnaður á dag er 120 kr., innifalin er öll læknismeðferð, svo sem leirböð, nudd, ljós sjúkraleikfimi o. fl.

Byggingarstyrkur frá því opinbera er alls 300 þús. kr.

Síðan heilsuhælið fékk þessi takmörkuðu sjúkrahúsréttindi, sem aðeins eru miðuð við gigt, hefur landsspítalinn sent því sjúklinga, sem eru í afturbata, til þess að losa rúm handa sjúklingum, sem þarfnast tafarlausra aðgerða.“